

**M-89/2011. Álit 31. maí 2012.**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 31. maí 2012 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-89/2011.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 29. september 2011 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðskipta sinna við Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir seljanda hafa séð um að lagfæra sjálfskiptingu úr bifreið hans, sem hafi aðeins dugað í eitt ár þar til hún bilaði. Telur álitsbeiðandi seljanda bera ábyrgð á stuttum endingartíma og fer fram á fulla viðgerð á skiptingunni sér að kostnaðarlausu.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 30. september 2011, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim, sem síðar var framlengdur til 24. október. Andsvör seljanda bárust nefndinni 20. október 2011. Hinn 21. október voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andvaranna. Hann nýtti sér þá heimild og skilaði athugasemdum sínum 31. október 2011. Seljandi fékk athugasemdir álitsbeiðanda sendar hinn 17. nóvember til upplýsinga og var einnig gefinn kostur á að koma sínum athugasemdum á framfæri við nefndina ef einhverjar væru. Seljandi nýtti sér þá heimild og skilaði þeim athugunum til nefndarinnar hinn 30. nóvember 2011. Álitsbeiðandi fékk þær athugasemdir sendar 2. desember 2011 og bent á heimild hans til að hafa uppi enn frekari athugasemdir. Álitsbeiðandi nýtti sér það og eru síðustu athugasemdir hans skráðar móttæknar hinn 29. desember 2011.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi fór með sjálfskiptingu í viðgerð hjá seljanda í júlí 2010. Segir álitsbeiðandi að kaupa hafi þurft varahlut í skiptinguna sem álitsbeiðandi hafi greitt seljanda fyrir. Í ágúst 2011 bilaði sjálfskiptingin aftur og var farið með bílinn á kerru til seljanda, sem þá skoðaði skiptinguna. Við skoðunina kom í ljós að keðja í skiptingunni var slitin og hafði skemmt talsvert út frá sér. Álitsbeiðandi segir seljanda ekki vilja bera ábyrgð á varahlutum sem þeir fluttu inn og seldu álitsbeiðanda, heldur einungis vinnunni sem þeir létu af hendi.

Álitsbeiðandi segir að eftir að sjálfskiptingin kom úr viðgerð á sínum tíma hafi hann aldrei verið nægilega ánægður með hana. Hafði álitsbeiðandi samband við seljanda og fór með bílinn til hans þar sem hann var skilinn eftir í einn dag. Þegar álitsbeiðandi sótti bílinn aftur sögðust starfsmenn seljanda ekkert finna athugavert við sjálfskiptinguna nema að þeir hafi þurft að bæta tveimur lítrum af olíu á skiptinguna. Sögðu þeir olíulekann stafa frá kællirörum sem væri seljanda óviðkomandi, enda hefðu starfsmenn hans ekki sett skiptinguna sjálfir í bílinn. Álitsbeiðandi segist hafa borgað fyrir olíuna og farið svo með bifreiðina á smurstöð Heklu á Selfossi. Þar var umræddur olíuleki skoðaður og fannst enginn leki frá kællirörum sem

starfsmenn seljanda sögðu orsaka lekann. Var þá skiptingin hreinsuð að utan og í ljós kom að olían sem var á kælirörum kom frá vökvastýrinu og var þessu máli óviðkomandi. Eftir hreinsun skiptingarinnar var bílnum ekið stuttlega um áður en hann fór aftur inn á verkstæðið til að athuga hvort betur sæist hvort og þá hvernig sjálfskiptiolían lak af skiptingunni. Álitsbeiðandi segir að þá hafi sést að olíulekinn stafaði frá samsetningu á sjálfskiptingunni og samsetningin hefði alfarið verið á ábyrgð seljanda. Að svo búnu hafði álitsbeiðandi samband við seljanda og fór með bílinn til þeirra. Álitsbeiðandi kveður starfsmann seljanda, Z, hafa staðfest þennan leka frá samsetningunni. Starfsmaðurinn lagfærði lekann með því að taka sjálfskiptinguna í sundur og skipta um pakkningu.

Álitsbeiðandi segist ekki vita ástæðuna fyrir sliti keðjunnar, hvort það hafi verið galli í keðjunni sjálfri, samsetning íhluta í sjálfskiptingunni ekki rétt, olíuvöntun eða eitthvað annað. Hitt viti hann þó að nýupptekin sjálfskipting eigi að endast lengur en eitt ár. Með framangreindum rökum fer álitsbeiðandi fram á að fá fulla viðgerð á sjálfskiptingunni sér að kostnaðarlausu.

#### IV

##### **Andsvör seljanda**

Seljandi segir sjálfskiptinguna hafa komið til viðgerðar til sín í júlí 2010. Þegar búið var að opna hana var álitsbeiðandi kallaður til og honum sýnt hvað var bilað. Seljandi segir álitsbeiðanda hafa beðið sig um að halda kostnaði í lágmarki, til dæmis með því að slípa tromlu ef mögulegt væri frekar en kaupa nýja o.s.frv. Tromlan var slípuð, skipt um keðju, sleða o.fl. eins og sést á framlögðum reikningi. Seljandi segir álitsbeiðanda hafa sótt sjálfskiptinguna hinn 3. ágúst 2010.

Seljandi kveður álitsbeiðanda hafa komið aftur hinn 5. nóvember 2010 og hafi þá vantað tvo lítra af sjálfskiptingarvökva á skiptinguna ásamt því sem hún var blaut þar sem kælirör koma í hana. Segir seljandi að álitsbeiðandi hafi sett skiptinguna sjálfur í bifreiðina og beri því sjálfur ábyrgð á fráganginum. Segir seljandi að tryggingafélagið sitt sé búið að skoða málið og þetta sé þeirra álit.

#### V

##### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Álitsbeiðandi kveður seljanda hafa sýnt sér bilunina eftir að búið var að opna sjálfskiptinguna. Tjáði starfsmaðurinn Z honum að skemmd væri í tromlu og þegar svo væri hefðu þeir á verkstæðinu rennt tromlur sem hefði gefist vel. Álitsbeiðandi segist hafa tjáð starfsmanninum að ef það væri venjan þá vildi hann láta gera slíkt við sína skiptingu. Álitsbeiðandi tekur fram að aldrei hafi verið talað um að halda kostnaði í lágmarki. Hann hafi verið að leita til sérfræðinga á þessu sviði og ekki hans hlutverk að segja þeim hvernig eigi að gera hlutina, enda hafi hann ekki þekkingu á þeim.

Álitsbeiðandi ítrekar það sem fram kemur í álitsbeiðni, að lekinn hafi komið úr samsetningu skiptingarinnar en ekki kælirörum. Segir álitsbeiðandi að eigandi verkstæðisins geti vitnað um þetta atriði enda hafi hann skoðað þetta og verið sammála sér að skiptingin var ekki alveg í lagi. Þá vill álitsbeiðandi taka fram að bifreiðin fór til seljanda vegna lekans og þá hafi starfsmaðurinn Z séð hvaðan lekinn kom. Sá hafi tekið skiptinguna í sundur og skipt um pakkningar sem lak meðfram. Þannig er það mat álitsbeiðanda að lekinn sé alfarið á ábyrgð seljanda.

#### VI

### **Frekari athugasemdir seljanda**

Seljandi segir að samband hafi verið haft við álitsbeiðanda eftir að sjálfskiptingin hafi verið opnuð til þess að fara yfir kostnaðarhlið málsins. Álitsbeiðandi hafi viljað halda kostnaði í lágmarki sem sjáist einnig af því að hann hafi viljað setja sjálfskiptinguna sjálfur í bílinn. Af þeim ástæðum beri hann sjálfur ábyrgð á fráganginum.

Seljandi ítrekar að þegar bíllinn kom til sín hinn 5. nóvember 2010 hafi vantað tvo lítra á sjálfskiptinguna og sjálfskiptingin hafi verið blaut þar sem kælirör koma í skiptinguna. Ekki hafi verið annan leka að sjá. Seljandi spyr hvort nægilegt magn hafi verið sett á skiptinguna í byrjun í ljósi þess að þarna hafi vantað tvo lítra upp á.

Seljandi kveður álitsbeiðanda næst hafa komið til sín hinn 24. febrúar 2011 út af leka með loki aftan á sjálfskiptingunni. Seljandi spyr hvers vegna álitsbeiðandi hafi ekki komið strax með bílinn til sín frekar en þremur mánuðum síðar, eftir að hann hafði farið með bifreiðina á verkstæði á Selfossi og þar hafi komið í ljós leki annars staðar frá en seljandi taldi.

## **VII**

### **Enn frekari athugasemdir álitsbeiðanda**

Að síðustu og með eftirfarandi hætti fer álitsbeiðandi yfir það sem hann kallar „staðreyndir í þessu máli“:

„Júlí 2010 – Skipting send í viðgerð til bifreiðarstillingar.

3. ágúst 2010 – Skipting tilbúin og sótt til bifreiðastillingar.

5. nóvember 2010 – Bíllinn sendur í athugun hjá Y vegna sérkennilegrar hegðunar á skiptingu. Kemur í ljós við athugun að það vantar 2 lítra af olíu á skiptinguna. Y staðhæfir að ekkert sé að skiptingunni og að lekinn sé vegna samsetningar á kæliröri frá skiptingu.

Í framhaldi af þessu fylgdist ég gaumgæfilega með olúforðanum á skiptingunni og reyndi að finna umræddan leka Y á kæliröri. Að nokkrum vikum liðnum og tveimur heimsóknnum á smurverkstæði til að bæta olíu á skiptinguna, hafði ég ekki fundið neinn leka á kælirörunum (enda enginn leki þar) og ákvað því að fara með bílinn á verkstæði Heklu á Selfossi til að komast til botns í þessu lekavandamáli. Þar staðhæfir starfsmaður Heklu á Selfossi, A, að lekinn sé vegna ófullnægjandi samsetningar hjá Y á sjálfskiptingunni og að enginn leki sé á kælirörum. Hann staðhæfir einnig þá skoðun mína að skiptingin hegði sér ekki eðlilega. Á þessum tíma hegðaði skiptingin sér alveg eins og hún hafði gert frá því hún kom úr viðgerð.

24. febrúar 2011 – Bíllinn sendur í viðgerð hjá Y vegna olíulekans. Hér staðhæfir starfsmaður Y, Z, það sem starfsmaður Heklu, A, hafði sagt að lekinn væri vegna ófullnægjandi samsetningar á sjálfskiptingunni. Sjálfskipting var tekin í sundur og skipt um pakkningu á kostnað Y.

Ágúst 2011 – Skiptingin bilar og bíllinn sendur í viðgerð hjá Y. Þá kemur í ljós að skiptingin er mikið skemmd. Keðja, sem sett var í ný ári áður, hefur skemmst og eyðilagt töluvert útfrá sér.

Álit mitt:

Hvort það sé vegna fyrrgreinds olíuleika að sjálfskiptingin hafi einungis dugað í ár frá viðgerð get ég ekki dæmt um, en ég leyfi mér að hafa mínar efasemdir um það. Í því samhengi vil ég benda á að ég var frá fyrsta degi frá viðgerð óánægður með hvernig skiptingin hegðaði sér. Þessa óeðlilegu hegðun staðfesti starfsmaður Heklu á Selfossi, A.

Að auki vil ég benda á eitt. Þegar ég kem með bíllinn í athugun hjá Y 5. nóvember fullvissar starfsmaður Y, B, mig um að ekkert sé að skiptingunni, þrátt fyrir að það hafi vantað 2L af olíu á skiptinguna. Að hann skuli í dag skella skuldinni á fyrrgreindan olíuleika er því afar mótsagnakennt.

Ég vil taka fram að öll vinna við ísetningu og gangsetningu á skiptingunni var mjög fagmannlega unnin af C bifvélavirkjameistara.

Þegar sjálfskipting hafði verið sett saman og unnin af fagmönnum Y og ég greitt fyrir þá vinnu um 500.000 kr., treysti ég því að hún sé í lagi og haldi olíu. Það er sanngjörn krafa. Ég var algjörlega grunlaus þegar í ljós kom þann 5. nóv. 2010 að skiptingin læki og það vantaði 2 lítra af olíu. Þar sem að síðar kom í ljós að lekinn var vegna lélegrar samsetningar hjá Y. Það staðfesti starfsmaður Y, Z, og einnig starfsmaður Heklu, A. Ég vil því leyfa mér að fullyrða, hvort sem að þetta sé vegna lekans eður ei, þá er Y ábyrg fyrir lekanum. Þetta getur því ekki talist annað en léleg vinnubrögð af þeirra hálfu. Þetta hefur Y játað þar sem þeir skiptu um pakkningu í skiptingunni þann 24. febrúar 2011 á þeirra kostnað. Að auki vil ég meina að skiptingin ætti að endast í meira en 1 ár frá viðgerð og því finnst mér enginn vafi leika á því að Y sé skaðabótaskyld í þessu máli.

## VIII

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, og ákvæðum reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa nær valdsvið hennar til að veita álit vegna ágreinings um réttindi og skyldur samkvæmt lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup og lögum nr. 48/2003 um neytendakaup.

Í máli þessu er deilt um viðgerð á sjálfskiptingu í bifreið. Í gögnum máls er að finna reikning vegna viðgerðarinnar, dags. 3. ágúst 2010, að upphæð kr. 497.191. Samkvæmt reikningum er Y, seljandi þjónustunnar og D er kaupandi.

Samkvæmt sjálfstæðri athugun kærunefndarinnar, er bifreiðin sem um var að ræða af gerðinni Benz, fyrst skráð hérlandis á árinu 1992. Fastanúmer bifreiðarinnar er xx-000. Þá var bifreiðin skráð eign verkkaupa, D, á þeim tíma sem viðgerðin fór fram.

Er því um að ræða ágreining milli tveggja einkahlutafélaga. Ekki verður séð að umþrætt viðgerð geti talist vera svokölluð ábyrgðarviðgerð sem gæti fallið undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, heldur er um að ræða viðgerðarvinnu á sjálfskiptingu, sem öllu jöfnu félli undir lög nr. 48/2000 um þjónustukaup.

Þau lög eru takmörkuð við þau tilvik þar sem þjónusta er veitt neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi. Neytandi samkvæmt 3. mgr. 1. gr. þeirra laga er einstaklingur sem er kaupandi þjónustu sem ekki er keypt í atvinnuskyni eða í tengslum við starf viðkomandi einstaklings.

Af þessu leiðir að það fellur utan valdsviðs nefndarinnar að gefa álit um þann ágreining sem hér er uppi. Er því óhjákvæmilegt, með vísan til ofangreinds og samanber 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 að vísa máli þessu frá kærunefndinni.

## VI

### Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Lárus M.K. Ólafsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir